



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 137/465
komudagur 29.6.2009

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 26. júní 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð ofl.

Stjórn Læknafélags Íslands þakkar fyrir að vera beðin um umsögn um ofangreint mál.

Félagið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Verði 2. gr. frumvarpsins samþykkt óbreytt verður 8. gr. laga um Kjararáð svohljóðandi (viðbótin skáletruð):

„Við úrlausn mála skal kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. *Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.*“

Í lagagreininni svohljóðandi felst innbyrðis ósamræmi. Í 1. m. greinarinnar er kveðið á um að við launasetninguna skuli m.a. gæta þess að launin séu í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Í tilviki forstöðumanna myndu það geta verið stjórnendur fyrirtækja á almennum markaði. Í 2. m. er hins vegar búið að setja þak á þennan samanburð, sem miðast við laun forsætisráðherra, í þeim tilvikum sem laun stjórnenda á almennum markaði eru hærri en laun forsætisráðherra.

Verði ákvæðið samþykkt óbreytt getur það falið þá hættu í sér að ríkinu standi ekki til boða starfskraftar þeirra sem því annars myndi standa til boða. Með öðrum orðum getur ríkið orðið undir í samkeppni um hæfasta starfsfólkið með fyrirséðum og ófyrirséðum afleiðingum.

Félagið gerir athugasemd við að með fyrirhugaðri breytingu er ekki tekið tillit til mismunandi aðferða við val á pólitískt kjörnum fulltrúm annars vegar og ráðningu starfsmanna þess opinbera hins vegar. Val pólitískt kjörinna fulltrúa lýtur öðrum lögmálum en tíðkast við ráðningar hjá því opinbera. Má þar m.a. nefna að meginreglan við ráðningar hjá því opinbera felst í því að gefa öllum sem áhuga hafa og fullnægja tilgreindum hæfniskröfum kost á því að sækja um laus störf hjá því opinbera. Með því er einnig reynt að tryggja að ríkinu standi til boða hæfasta starfsfólkið. Valið fer síðan fram á grundvelli málefnalegra sjónarmiða sem í grófum dráttum má skipta í þrennt; menntun, reynsla og persónulegir eiginleikar.

Verði ofangreind breyting samþykkt óbreytt getur sú breyting kollvarpað forsendum sumra þeirra sem nú sitja í störfum sem falla í þann flokk að vera með of há laun miðað við hinar gefnu forsendur. Hugsanlega hafa viðkomandi aðilar gert breytingar á sínum högum, t.d. með



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

flutningi milli landa, eða sleppt öðrum atvinnutækifærum sem áður stóðu til boða. Eigi að lækka viðkomandi í launum nú er því um forsendubrest hjá viðkomandi að ræða sem hann getur mögulega ekki brugðist við. Það væri því amk eðlilegt, ákveði þingmenn að samþykkja fyrirbyggjandi breytingartillögu, að hún verði ekki lätin ná til þeirra sem eru þegar í störfum við lagabreytinguna.

Félagið bendir á að margir starfsmenn þess opinbera starfa á alþjóðlegum vinnumarkaði. Valmöguleikar þessara aðila til að velja sér starfsvettvang utan Íslands eru margir. Að mati félagsins er það óskynsamleg ákvörðun þingmanna ef þeir vilja miða hæstu laun opinberra starfsmanna á Íslandi við laun starfsmanns sem ekki býr við þann kost að vera eftirsóttur utan íslenskrar lögsögu.

Að lokum vill félagið benda á að telji þingmenn það eðlilega reglu að forsætisráðherra landsins sé sá fulltrúi þess opinbera sem hæst hafi launin, að undanskildum forseta, þá er það skoðun félagsins að miða eigi laun forsætisráðherra við hæstu laun opinberra starfsmanna en ekki öfugt.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður